

## Ársfundur Byggðasafns Vestfjarða v. starfsársins 2014

Ársfundur Byggðasafns Vestfjarða haldinn í fundarsal Stjórnsýsluhússins á Ísafirði þann 11 desember 2015 kl 14.

Mættir voru f.h. stjórnar, Gísli Halldór Halldórsson formaður og Elías Jónatansson. Pétur Georg Markan boðaði forföll. Auk þess Jón Sigurpálsson forstöðumaður, Þórir Örn Guðmundsson safnvörður og Björn Baldursson safnvörður sem ritar fundargerð.

Aðrir gestir: Jóna Símonía Bjarnadóttir, Inga María Guðmundsdóttir.

Forstöðumaður setti fundinn og stakk upp á Þóri Erni Guðmundssyni sem fundarstjóra og Birni Baldurssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.  
Gísli Halldór Halldórsson flutti skýrslu stjórnar.
2. Skýrsla forstöðumanns.  
Forstöðumaður stiklaði á stóru úr starfsemi safnsins á árinu 2014.  
Formaður stjórnar sagði að breyting væri á leiguformi slíppsins, og unnið væri að lausn geymslumála safnsins í samstarfi við skjala og ljósmyndasafn.  
Nýbygging í Neðstakaupstað er enn á dagskrá og enn er stefnt að samstarfi við Hornstrandastofu. Á næsta ári verður unnið að áframhaldandi samningum um uppbyggingu á nýbyggingunni í Neðsta. ( umræður um fjármögnun framkvæmdarinnar hjá stjórn). 9 milljón króna framlag er líklega í höfn fyrir árið 2016 sem stöðugildi fyrir Hornstrandastofu, og er það hugsað sem kostnaður við sýningu Hornstrandastofu á sýningu um Hornstrandir sem yrði í húsnæðinu.
3. Ársreikningur 2014.  
Helstu tölur: Rekstrartekjur 34 m., tap á rekstri 8 m., rekstrarframlag sveitarfélaga, Ísafjarðarbær, Bolungarvík, Súðavík alls, 23 m. Aðrar tekjur 11 m.  
Alls eru 3 stöðugildi í safninu, auk sumarstarfsfólks.  
Reikningur lagður fram til umræðu.  
Bornir upp og samþykktir samhljóða.
4. Önnur mál.  
  
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl 15:00